



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla – og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga varðandi samningur við Söngskóla Sigurðar Demetz vegna aukinna tilboða til barna og ungmenna á sviði söngnáms og leiklistar vegna vorannar 2020 – alls 2.167.865 kr.

Lagt er til að gerður verði a samningur vegna vorannar 2020 við Söngskóla Sigurðar Demetz í samræmi við neðnagreindar upplýsingar um tímamagn og upphæðir.. Þetta er gert í ljósi áherslna á aukna fjölbreytni námstilboða á sviði tónlistar og aukið aðgengi ungmenna að slíku námi þegar þau eru komin á unglingsaldur. Samningur kveði á um 168 stundir vegna tímabilsins 1. janúar 2020 til 31. júlí 2020. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að ganga frá samningnum. Viðbótarframlag Reykjavíkurborgar til tónlistarskólans vegna þessa nemur 2.167.865 kr. vorið 2020 og rúmast innan fjárheimilda sviðsins vegna tónlistarnáms.

Greinargerð

Söngskóli Sigurðar Demetz hefur á síðustu misserum lagt síaukna áherslu á ný tilboð á sviði söngs og leiklistar fyrir börn og ungmenni og hafa á þriðja tug nemenda stundað þetta nám hverju sinni í skólanum síðan haustið 2018. Verkefnið eykur fjölbreytni tilboða til unglunga í Reykjavík á sviði tónlistarnáms.

Mikið er unnið í hópum og börnin upplifa mikla sjálfseflingu og stuðning í fjölbreyttri tónlistarvinnu með áherslu á einsöng, samsöng og leikræna tjáningu. Barnadeildin gefur börnunum á aldrinum 8-12 ára tækifæri til að syngja og er farið í raddæfingar auk þess sem unnið er með sérstök lög. Ljóð eru lesin upp, samin og unnið með hrynn, rappað smávægilega með eigin texta, málað með vatnslitum og unnið í leiklist, m.a. með spuna. Einnig er dansað og hlustað á sígilda tónlist og nemendurnir deila tónlistarþekkingu sinni. Á námskeiðinu er lagt upp úr fjölbreytni og að nemendur fái allir að láta ljós sitt skína.

Í unglingadeild Söngskóla Sigurðar Demetz vinnur söngkennari með söngnemendum í söngtækni og fjölbreyttu verkefnavali. Nemendur fá tækifæri til að syngja lög úr söngleikjum og teiknimyndum og þeir sem kjósa fá sígildari verkefni. Í hóptímum er unnið með píanóleikara og þá er unnið í túlkun og tjáningu og þegar líður á veturinn er unnið í leiklist.

Á næstunni verður lögð fram tillaga um áframhald á þessu verkefni fyrir skólaárið 2020-2021.